Alþingi
Erindi nr. Þ 138/561
komudagur 9.12.2009



Velferðarvaktin

Til félags- og tryggingamálaráðherra og
félags- og tryggingamálanefndar Alþingis

8. desember 2009

274. mál

Velferðarvaktin varar við áformum stjórnvalda um að fresta greiðslu foreldra- og fæðingarorlofs að hluta til, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi til breytinga á lögum um þetta efni. Velferðarvaktin telur að með þessu sé alvarlega gengið á rétt barna til samvista með foreldrum sínum á mikilvægum tíma í mótunarskeiði þeirra. Þessi áform eru sérstaklega alvarleg gagnvart börnum einstæðra mæðra í þeim tilvikum sem feðurnir nýta að engu leyti rétt sinn til fæðingarorlofs þar sem þeim börnum yrðu einungis tryggðir fimm mánuðir með móður á fyrsta æviári í stað sex mánaða.

Fæðingarorlof hér á landi er með því stysta sem gerist hjá Norðurlandaþjóðum, þrátt fyrir miklar réttarbætur í þágu barna með nýrri löggjöf um foreldra- og fæðingarorlof sem samþykkt var á Alþingi árið 2000.

Stýrihópur Velferðarvaktarinnar hefur áður bent á mikilvægi þess að gæta sérstaklega að þörfum barna og ungmenna í öllum aðgerðum vegna efnahagskreppunnar

Ályktun þessi var samþykkt á fundi stýrihóps Velferðarvaktarinnar í dag,